

## Vika 3 - haustönn

### Lota 1 - AGI

Orðræða: Jákvætt hópstolt

Lotulykill 3: Kurteisi

Orðaforðalisti: Matur

Lubbi: Bb

Lotumynd: Skólamynd

Strik fyrir strik: Fólk - yngri: bls 24, eldri: 92

Litla Sól: **Unnið með endingu orða og uppbyggingu setninga** bls. 55-59

Sól: **Unnið með setningamyndun** bls. 51-63

Söngvar: Allur matur



(Inn og út um gluggann)

Blása sápuvélur,

blása sápubólur.

Blása, mása og blása

b, b, b, b, b.

Sjá þær úti svífa

sjá þær hærra klífa.

Blása, mása og blása

b, b, b, b, b.

### Kennslutilhögun og dagskipulag

**Setja orð á athafnir:** Ræða matinn sem við borðum og hvað okkur finnst gott að borða, hvað er hollur matur

**Samvera:** Syngja lög um matinn, gátur um mat (hvað er loðið og brúnt að utan og grænt að innan?)

**Við matarborðið:** Hvað erum við að borða? Hvernig er það á bragðið? súrt, sætt, beiskt, sterkt, salt? Ræða uppáhaldsmat.

**Í fataherbergi:** Hvaðan fáum við fiskinn? Hvar vaxa epli

**Í hópatímum:** Matreiða fyrir vinahóp, æfa sig að skera banana, gera óskalista yfir mat og fara með í eldhúsið, flokka ávexti og grænmeti, æfa röðina, sitja á sínu plássi í samveru,

Orðaforðalisti MMS: Matur

**Yngsti hópur:** Ávextir, grænmeti, fiskur, kjöt, kartöflur, pasta, hafragrautur, cheerios, súpa, epli, banani, pera, agúrka, brauð, vatn, mjólk, smjör, ostur

**Mið hópur:** fiskur, soðinn fiskur, steiktur fiskur, fiskibollur, kjúklingur, pítsa, spagettí, franskar, sósa, kál, paprika, tómatar, gulrót, ávextir, appelsína, melóna, kíví, vínber, jarðarber, ananas, ristað brauð, kex, kæfa, skinka, egg, skyr, jógúrt, kaka, rúsínur, ís, tómatasósa, rófa, sulta, kaffi, kók, kakó, morgunkorn, plockfiskur, kjötbollur, pylsur, grjónagrautur, ávaxtasafi, sveppir, píta, ýsa, þorskur, hrísgrjón, morgunmatur, hádegismatur, nónhressing

**Elsti hópur:** steiktur fiskur, saltfiskur, ýsa, þorskur, rækjur, kræklingur, grillað kjöt, hamborgari, píta, slátur, pepperoni, beikon, kartöflumús, salat, krækiber, bláber, kirsuber, sítróna, kókoshneta, sveppir, blómkál, samloka, flatkaka, rúgbrauð, rúnstykki, spælt egg, soðið egg, sinnep, laukur, steiktur laukur, hrísgrjón, kanill, appelsínusafi, morgunmatur, hádegismatur, kvöldmatur, kaffitími

Þjálfun hljóðkerfisvitundar

**Yngsti hópur:** Klappa atkvæði orða og ríma

**Mið hópur:** Klappa atkvæði orða, ríma, vinna með samsett orð

**Elsti hópur:** Klappa atkvæði orða, ríma, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging